

## **Siterwell GS558**

### **Þráðlaust samtengjanlegir reykskynjarar.**

**Áður en skynjarar eru festir upp skal fylgja eftirfarandi ferli.**

- a) Setja alla þá skynjara sem tengja á saman, á sama borðið.
- b) Setja skal í þá rafhlöðurnar tvær.
- c) Tryggið að AA rafhlaðan þrýsti niður rauða öryggishnappinum, því annars er ekki hægt að setja skynjarann á plötuna sem skrófuð er upp í loftið og skynjarinn er festur á.

**Þegar allar rafhlöður eru konar í alla skynjara er hægt að tengja þá saman á einfaldan hátt.**

- d) Ýtið prófunarhnappinn á miðjum skynjaranum þar til rauða ljósið logar, þá er skynjarinn kominn í samstillingarham. Ef stilling hefst ekki innan 30 sekúndna slökkna á samstillingu og ljósi og byrja þarf uppá nýtt.
- e) Ýtið á prófunarhnapp næsta skynjara í eina sekúndu, rauða ljósið á þá að blikka í tvær sekúndur og slökkna svo. Þá á skynjarinn að hafa lokið samstillingu við þann fyrsta. Ýtið svo á sama hátt á næsta og þar næsta og áfram á allt að 15 skynjara sem tengja á saman.
- f) Ýtið þessu næst á prófunarhnappinn á fyrsta skynjaranum, þeim sem þið settuð í samstillingarham í lið d) þá á rauða ljósið að slökkna. Bíðið svo í 30 sekúndur áður en farið er í nokkra aðra aðgerð.
- g) Prófið að minnsta kosti einn skynjara með því að ýta á prófunarhnappinn í 30 sekúndur, aðrir skynjarar sem tengdir eru eiga þá að gefa frá sér hljóðmerki.

ATH. Sé verið að bæta við skynjara eftirá þarf að ýta á prófunarhnappinn í allt að 16 sekúndur áður en rauða ljósið byrjar að blikka, eftir það ber að fylgja á ný leiðbeiningur frá d) til g).